

Reginn hf.

Tillögur stjórnar Regins hf.

2. Ársreikningur

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2014 verði samþykktur.

3. Arður

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur arður á árinu 2015, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður verður fluttur til næsta árs.

4. Starfskjarastefna

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að meðfylgjandi starfskjarastefna, sem er óbreytt frá síðasta fundi, verði samþykkt.

5. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin bréfum.

Fyrir liggur heimild til handa stjórn um kaup á eigin bréfum sbr. ákvörðun hluthafafundar 4. desember 2012.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn Regins hf. leggur ekki til við aðalfund breytingar á samþykktum félagsins.

7. Kosning stjórnar félagsins

Framboðsfrestur til stjórnar félagsins rennur út fimm dögum fyrir aðalfund eða fimmtudaginn 16. apríl nk. kl. 16:00. Liggja endanleg framboð því ekki enn fyrir. Tilkynna skal skriflega um framboð til stjórnar. Í tilkynningu skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjareign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Framboðum skal skila á skrifstofu Regins hf. í Smáralind, 3. hæð, Hagasmára 1, Kópavogi.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

8. Kosning endurskoðenda.

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins, að KPMG hf. verði endurkjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs. Er það í samræmi við tillögur endurskoðunarnefndar Regins hf.

9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir kjörtímabilið 2015.

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að stjórnar- og nefndarlaun fyrir hvern mánuð árið 2015 verði óbreytt frá síðasta aðalfundi. Þóknun hvers

stjórnarmanns verði 250.000 kr. á mánuði og þóknun formanns stjórnar verði tvöföld þóknun stjórnarmanns. Varamönnum skulu greiddar 125.000 kr. fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en 250.000 kr. fyrir hvern mánuð. Þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar skal vera 50.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

10. Önnur mál löglega upp borin.

Aðrar upplýsingar:

Ofangreind dagskrá og tillögur auk skjala sem lögð verða fyrir aðalfund eru hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Smáralind, 3. hæð, að Hagasmára 1, 201 Kópavogi. Einnig eru skjölin aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestar. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Fundargögn verða afhent á aðalfundardegi.

Kópavogur, 26. mars 2015

Stjórn Regins hf.